

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Geri launamaður eða sá sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi samning um tryggingavernd á grundvelli iðgjalds sem hann ákvarðar og hefur beinan ráðstöfunarrétt yfir, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal almennt tryggingagjald lækka um allt að 0,2% af gjaldstofni og sá hluti tryggingagjaldsins nýttur sem iðgjaldshluti launagreiðanda á móti iðgjaldshluta launamanns. Frádráttarbær iðgjaldshluti launagreiðanda skal vera 10% af iðgjaldshluta launamanns, þó aldrei hærri en 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds.

Skilyrði lækkunar skv. 8. mgr. er að mótframlag sé innt af hendi um leið og sparnaður er dreginn af launum og ráðstafað til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við skil á staðgreiðslu tryggingagjalds skal taka tilliti til lækkunar skv. 8. mgr. einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða. Um uppgjör og álagningu gilda ákvæði V. kafla.

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki er háður skyldu til að skila launaframtali, sbr. 3. mgr. 12. gr., skal gera grein fyrir frádráttarbærum iðgjaldshluta á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

### II. KAFLI

#### Breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

##### 2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Iðgjaldi samkvæmt ákvörðun launamanns eða þess sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal varið til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. eða III. kafla.

##### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Lífeyrissjóðum og aðilum skv. 3. mgr. 8. gr. er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda sem greitt hefur verið til þeirra fyrir hvern rétthafa á því ári.

b. Við 3. mgr. bætist: og aðila skv. 3. mgr. 8. gr.

c. 4. mgr. orðast svo:

Hver sá sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði samkvæmt lögum þessum og er framtalsskyldur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt skal í framtali sínu eða

á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður tilgreina þau iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði og aðila skv. 3. mgr. 8. gr. sem hann hefur greitt til.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „banka, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: banka eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og.
- b. Við 3. mgr. bætist: enda hafi slíkt val ekki farið fram fyrir gildistöku laganna.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

### um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað 1. og 2. mgr. koma átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem eru ekki hærri en 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri